
FUNDARGERÐ

Fundur: Raforkuhópur 2001-04

Fundartími: Þriðjudagur 8. maí 2001 kl. 13:30

Fundarstaður: Orkustofnun, Grensásvegi 9

Fundarefni:

1. Raforkunotkun á fyrstu þremur mánuðum ársins
2. Notkunarflokkar raforku 2000.
3. Aflþörf raforkukerfisins 2000.
4. Breytt skipulag raforkugeirans.
5. Breytt flokkun raforkunotkunar í landbúnaði.
6. Önnur mál.

Á fundinn mættu:

Raforkuhópurinn:

Ólafur Pálsson
Guðmundur Guðmundsson
Ívar Þorsteinsson
Guðmundur Valsson
Rán Jónsdóttir

Verkfræðistofan Afl:

Jón Vilhjálmsson

1. JV dreifði töflum yfir raforkunotkun á fyrstu þremur mánuðum ársins og tók fram að það vantaði smávægilega vinnslu (ath tölurnar hér eru ekki nákvæmlega þær sömu og

dreift var á fundinum þar sem viðbótargögn bárust strax eftir fundinn). Þar kemur fram að raforkuvinnsla hefur aukist um 1,6% á fyrsta ársfjórðungi. Flutningstöp hafa minnkað um 1,5% og eigin notkun Landsvirkjunar hefur minnkað um 15,0%. Stórnotkun vex um 2,5% og almenn notkun með notkun Landsvirkjunar vex um 0,4%. Sala á ótryggðri orku minnkar um 1,4%. JV dreifði þá töflum um notkunina leiðrétt út frá lofthita en fyrstu þrjú mánuðir ársins voru hlýrri en á síðasta ári eða 0,3°C í stað 0,1°C. Aukning notkunar eykst því við hitastigsleiðréttingu og þar að auki kemur leiðrétting á árinu 2000 vegna hlaupárs. Leiðrétt notkun almennrar forgangsorku eykst um 2,0% á fyrsta ársfjórðung ársins. JV sagði að þetta væri mun minni aukning en á síðasta ári og spurning er hvort hin mikla aukning sem verið hefur að undanförunu sé gengin yfir. Hann afhenti fulltrúum veitnanna samantekt um þróunina hjá þeim á fyrsta ársfjórðungi og kemur þar einnig fram minni aukning í forgangsorku á Suðvesturlandi en á síðasta ári hjá Hitaveitu Suðurnesja (0,9%), Rafveitu Hafnarfjarðar (4,5%) og Orkuveitu Reykjavíkur (3,9%). Aukning er einnig hjá Norðurorku (4,4%). Minnkun er hjá Rafmagnsveitum ríkisins (-1,4%) og Orkubúi Vestfjarða (-1,3%).

2. JV sagðist vera búinn að fá notkunarflokk frá öllum veitum nema Orkuveitu Reykjavíkur en að vísu þyrfti að fá ný gögn frá Orkuveitu Húsavíkur þar sem villur voru í þeim. ÍP sagði að erfitt væri að ná þessum upplýsingum út úr nýja innheimtukerfinu og yrði væntanlega að áætla tölurnar. Hann vonaðist til að fá nothæf gögn í þessari viku.
3. JV sagði að ennþá vantaði afgang frá Hitaveitu Suðurnesja og óvíst væri að gögn fengust um nýju vélina frekar en í fyrra. Einnig vantaði nokkrar raðir frá Rafmagnsveitum ríkisins. Þó nokkuð er um villur í gögn frá Landsvirkjun sem koma úr kerfiráðnum. Bæði er um að ræða göt í gögnunum og vitlaus gildi. JV sagðist hafa geta leiðrétt gögnin í flestum tilvikum en beindi því til Landsvirkjunar að gögnin væru betur yfirfarin áður en þau fara til okkar. Þetta hlýtur einnig að skapa vandamál þegar menn ætla að fara að nota þessi gögn hjá Landsvirkjun.
4. Rætt var um frumvarp til raforkulaga sem fundarmenn voru búnir að sjá. Nokkur umræða var um mælingar og notkunarflokk og höfðu menn áhyggjur af því að erfiðleg mundi ganga að fá gögn um raforkunotkun eftir notkunarflokkum í nýju skipulag. Líklegast til árangur var talið að láta dreifiveiturnar halda utanum slíkt þar sem erfiðara væri að fá söluaðila til þess. Rætt var um skipan hópsins í nýju umhverfi og var JV falið að taka það mál upp á fundi í Orkuspárnefnd.
5. JV sagði að hópurinn hefði fjallað um breytta flokkun í hefðbundnum landbúnaði á síðasta ári. Hann sagðist hafa breytt leiðbeiningum um skráningu notkunarflokka þannig að nú væru 2 flokkar í hefðbundnum landbúnaði í stað 8 flokka. GG sagði að þegar gögn Rafmagnsveitna ríkisins voru flutt yfir í nýtt innheimtukerfi hefði þessi breyting verið gerð. Breytingin á notkunarflokkunum var samþykkt.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl 15:30. Næsti fundur ákveðinn 4. september 2001.

Jón Vilhjálmsson

Dreift var á fundinum:

- Raforkunotkun 2001, 1. ársfjórðungur. (JV)
- Almenn raforkunotkun leiðrétt út frá lofthita, 1. ársfjórðungur. (JV)